

Nd.

677. Breytingartillögur

við frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 28. gr. Við næstsiðustu málsg. greinarinnar bætist: skal um fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar hlíta ákvæðum 26. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar frá 23. júní 1936, eftir því sem við á.
2. Við 37. gr. Fyrsta málsg. orðist svo:
Framlag ríkisins vegna fjárskipta á árunum 1947 og 1948 miðast við fjártölu eigenda samkvæmt skattaframtali á árinu 1946. Á árinu 1949 miðast við skattaframtal 1947 og svo áfram þannig, að fjárskiptaframlag miðast við skattaframtal tveim árum áður.